



Fundargerð aðalfundar KGRP og ÚK ehf.

Aðalfundur Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 9. maí 2022 kl. 18:00.

Fulltrúar eftirfarandi sókna mættu eða tilkynntu forföll:

Árbæjarsókn	Guðrún Nikulásdóttir
Ásatrúarfélagið	Jóhanna Harðardóttir
Ássókn	Kristján Guðmundsson
Breiðholtssókn	Emilía G. Svavarsdóttir
Bústaðasókn	Dóra Berglind Torfadóttir
Digranessókn	Forföll
Dómkirkjusókn	Einar S. Gottskálksson
Fella- og Hólasókn	Jóhann Úlfarsson
Fríkirkjusöfnuðurinn	Árni Gunnarsson
Grafarholtssókn	Forföll
Grafarvogssókn	Guðmundur Örn Guðjónsson
Grensássókn	Kristinn Guðmundsson
Hallgrímssókn	Einar Karl Haraldsson
Háteigssókn	Forföll
Hjallasókn	Andrés Jónsson
Kapólski söfnuðurinn	Forföll
Kársnessókn	Forföll
Langholtssókn	Forföll
Laugarnessókn	Egill Heiðar Gíslason
Lindarsókn	Forföll
Nessókn	Ásta Camilla Gylfadóttir
Óháði söfnuðurinn	Valur Sigurbergsson
Seljasókn	Forföll
Seltjarnarnessókn	Ólafur Egilsson
Siðmennt	Sigurður Rúnarsson

Aðrir fundarmenn:

Þórsteinn Ragnarsson, Ingvar Stefánsson, Margrét Guðjónsdóttir, Helena Sif Þorgeirsdóttir Helga Þóra Jónsdóttir, Kári Aðalsteinsson og Heimir Janusarson, öll frá KGRP. Sr. Bryndís Malla Elíadóttir prófastur RPA og Sr. Soffía Helga Konráðsdóttir prófastur RPV.

Egill Heiðar Gíslason formaður stjórnar KGRP bauð fundargesti velkomna og setti fundinn. Egill Heiðar lagði til að Einari Karli Haraldssyni yrði falið að stjórna fundi og Heimi Janusarsyni yrði falið að rita fundargerð. Það var samþykkt. Egill Heiðar setur fund með stuttu ávarpi og kynnir nýjan framkvæmdastjóra og starfslok Þórsteins Ragnarssonar forstjóra.

Dagskrá fundarins var send út með 10 daga fyrirvara ásamt ársreikningi KGRP:

1. Skýrsla formanns um starfsemi KGRP á næstliðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrsla um starfsemi Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf.
4. Skoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Útfararstofu lagðir fram til samþykktar.
5. Kosning í stjórn Útfararstofunnar til eins árs.
6. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP og fyrir setu í stjórn Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf.
7. Tillaga framkvæmdastjórnar KGRP um breytingar á reglum nr. 775 fyrir KGRP. Formaður KGRP gerir grein fyrir tillögunum.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.
9. Önnur mál.

1. Skýrsla formanns um starfsemi KGRP á næstliðnu ári.

Þórsteinn fletti skýrslunni og gat um helstu verkefni á árinu 2021 og fléttaði inn helstu kennitölum úr ársreikningi KGRP. Hæst ber skýrsla og álit um nýja bálstofu í Gufunesi og vinnu henni tengd. Farið yfir að ýmislegt náðist ekki að framkvæm ýmist vegna Covid faraldurs og svo fengust ekki verktakar í önnur verkefni, skeykir það aðeins niðurstöðu fjárhagsáætlunar/reikninga. Framkvæmdir við aðstöðuhús í Kópavogsgarði eru á lokastigi. Fundir "Stóru" stjórnar hafa verið vel sóttir og góðar og hreinskiptar umræður verið á þeim vettvangi ennfremur hefur framkvæmdastjórn fundað reglulega á síðasta ári.

Forstjóri gerir ráð fyrir að nýja húsið í Kópavogskirkjugarði verði teki í notkun í lok mánaðar og verður stjórnarfólki boðið velkomið í þá athöfn. Nánar auglýst síðar.

2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag KGRP lagðir fram til samþykktar.

Margrét Guðjónsdóttir aðalbókari kynnir reikninga KGRP. Niðurstöður sýna rúmar 40 milljóna hagnað en það stafar eins og áður sagði af ýmsu var frestað vegna covid og öðru vegna skorts á verktökum.

Umræður: Sigurður Rúnarsson spyr um mikin viðhaldskostnað á fasteignum

ÞR svarar: Viðhald húsnæðis eru oft dýrar framkvæmdir og er gert átak í því og þá skapast útgjaldatoppar.

SR spyr hver er viðhaldskostnaður v/ Vesturhlíðar 2 (húsnæði ÚK ehf) ÞR svarar: Lítil sem enginn síðasta árið.

SR spyr um húsaleigu ÚK hjá KGRP þR svarar: Tæpar 700. 000 og er húsnæðið leigt út á markaðsverði. SR spyr um hvernig hvernig skudir og útistandandi kröfur KGRP hafi myndast og hvernig þær séu saman settar.

Svar: Skuldir eru eru reikningar sem bárust í lok árs og voru greiddar í janúar 2022 eins er það útistandandi kröfur er voru sendar út um ára mót og voru á gjalddaga í janúar 2022.

SR spyr um skuldir ÚK við KGRP Svar: Engar skuldir, ÚK er skuldlaus við KGRP. Reikningar bornir upp og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

3. Skýrsla um starfsemi Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf.

Jóhann Úlafarsson formaður stjórnar gerir stuttlega grein fyrir starfsemi Útfararstofunnar og gekk reksturinn vel árinu 2021 og mun betur en árin á undan.

4. Skoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Útfararstofu lagðir fram til samþykktar.

Jóhann Úlafarsson kynnir reikninga ÚK og fengu fundarmenn þá í hendur.

SR spyr um hvernig hvernig skudir og úti standandi kröfur ÚK hafi myndast og hvernig saman settar? Svar: Skuldir eru eru reikningar sem bárust í lok árs og voru greiddir í janúar 2022 eins er það útistandandi kröfur er voru sendar út um áramót og voru á gjalddaga í jan 2022. Skuldir hafa lækkað bæði sem krónutala og sem hlutfall af veltu og halda allar áætlanir sem gerðar voru til að endurskoða fjármálastefnu ÚK.

Reikningar bornir upp og voru samþykktir samhljóða.

5. Kosning í stjórn Útfararstofunnar til eins árs.

Öll stjórn var endurkjörin sem og varmenn til stjórnar.

6. Ákvörðun þóknunar fyrir setu í framkvæmdastjórn KGRP og fyrir setu í stjórn Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf.

Þóknunir fyrir setu í stjórn KGRP,

Tillaga um að þóknunn taki mið af grunnlaunum borgarfulltrúa sem eru í dag kr. 892.134 og skal hlutfallið vera þetta: Formaður stjórnar fái 15 %, varaformaður 12% og almennur stjórnarmaður 10%.

Umræður sköpuðust hvort þetta væri vettvangur til þess að ákvarða þóknunir fyrir ÚK, spurt var hvort þetta væri ekki aðalfundur ÚK. Svar: Þetta er að hluta til aðalfundur ÚK.

Tillögur um þóknunir voru samþykktar samhljóða.

Að þessu sinn er kosið um formann og einn varamann , í framboði eru Egil Gíslason til formann og Niels Árni Lund varamaður Voru báðir kjörnir með öllum greiddum atkvæðum.

7. Tillaga KGRP um breytingar á reglum nr. 775 fyrir KGRP.

Formaður KGRP gerir grein fyrir tillögnum.

Formaður kynnir. Eru þetta breytingar sem eru gerðar til þess að fara að tillögum Samkeppnisráðs um ýmis atriði.

Sjá breytingartillögur aftan við fundargerðina.

Til. 1 samþ öllum gr.

Til.2 (7gr) samþ öllum gr.

Til 4 samþ . 1 á móti

Til 5 breytingar á 5 og 6 grein – samþ samhlj.

Til 6 12gr samþ samhlj.

Til. 6 13gr út samþ 1 á moti

Til 7 14gr samþ. 1 á móti

Tillaga borin upp í heild sinni með áorðnum breytingum samþykkt samhljóða.

Farið verður betur yfir textann í dómsmálaráðuneytinu.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Útfararstofu og tveggja til vara til tveggja ára.

Kjörnir voru félagslegir skoðunarmenn reikninga KGRP og ÚK ehf og voru Dóra Berglind Torfadóttir og Marinó Þorsteinsson kjörnir með öllum greiddum atkvæðum. Matthías Frímannsson var kosinn varamaður og Valmundur Pálsson.

9. Önnur mál.

Ingvar Stefánsson nýr framkvæmdastjóri var kynntur til sögunar og tekur hann til máls og lýsir yfir áhuga að heyra í stjórnarmönnum um hvað þeir vilja sjá í starfssemi KGRP í framtíðinni og hann hlakkar til að takast á við verkefnið sem nýr framkvæmdastjóri.

Helga Soffía prófastur lokar fundi með ljóði Tómasar Guðmundssonar, þrjú ljóð um lítinn fugl.

Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund og formaður tekur við stjórn. Formaður kveður Þorstein Ragnarsson forstjóra þakkar honum 27 ára óeigingjarnt starf fyrir KGRP, biður fyrir kveðjur til fjölskydu hans og óskar honum velfarnaðar og færir honum blómvönd.

Formaður sleit fundi kl 20.20.

Fundargerð ritaði Heimir B Janusarson.

REGLUR

fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Skilgreining.

1. gr.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, sem lýtur

stjórn sem kjörin er samkvæmt 4. gr. og nefnist kirkjugarðsstjórn.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma lúta yfirstjórn prófaste og biskups.

Helstu verkefni kirkjugarðsstjórnar.

2. gr.

Kirkjugarðsstjórn hefur m.a. á hendi umsjón og fjárhald Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma,

sér um framkvæmd grafartöku og árlegt viðhald legstaða og annast greiðslu kostnaðar af prestsþjónustu vegna útfara og aðra lögboðna lögboðinni starfsemi.

Um nánari útfærslu á lögboðnum verkefnum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fer eftir fyrirmælum í lögum og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að reka útfararþjónustu og skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar og verkefnum sem

henni er heimilt að takast á hendur samkvæmt lögum.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fela sérstakri framkvæmdastjórn að annast þau verkefni sem tilgreind eru í reglum þessum. Um skipan framkvæmdastjórnar fer samkvæmt 8. gr.

Kapella, líkhús og aðstaða starfsmanna.

3. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að kosta og annast rekstur kapelli og líkhúss við þá kirkjugarða sem þörf er á, enda bitni sá rekstur ekki á lögbundnum verkefnum. Heimilt er og að koma upp húsnaðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðanna.

Skipan kirkjugarðsstjórnar.

4. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal skipuð með eftirfarandi hætti:

A. Einn fulltrúi og einn til vara skal kosinn af hverri sóknarnefnd úr hópi aðal- og varamanna í

nefndinni og skal kosningin vera til fjögurra ára í senn.

B. Einn fulltrúi og einn til vara skal kosinn til jafn langs tíma af hverjum utanþjóðkirkjusöfnuði,

sem hefur a.m.k. 1.500 meðlimi 16 ára og eldri. Fulltrúum kirkjudeilda sem hafa færri en 1.500

meðlimi 16 ára og eldri má boða til samráðsfundar einu sinni á ári ef þurfa þykir.

C. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn og einn til vara til

fjögurra ára.

D. Prófastar í Reykjavíkurprófastsdæmum sitja fundi hvor sitt árið og er hinn þá varamaður. Þeir

hafa atkvæðisrétt þegar tala fundarmanna er jöfn.

Ráðning framkvæmdastjóra, verkefni hans og kjör.

5. gr.

Kirkjugarðsstjórn ræður framkvæmdastjóra að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur kirkjugarðanna, annast ráðningu starfsfólks og sér um framkvæmdir í samráði við framkvæmdastjórn, samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur. Framkvæmdastjórn semur um ráðningarkjör og önnur starfskjör framkvæmdastjóra.

Tilkynningar um fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, fundarboð o.fl.

6. gr.

Sóknarnefndum, utanþjóðkirkjusöfnuðum og Bálfararfélagi Íslands, ef því er að skipta, ber að tilkynna skriflega til framkvæmdastjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fyrir hönd kirkjugarðsstjórnar, hverjir verði aðal- og varamenn í kirkjugarðsstjórn strax og kosning þeirra hefur farið fram. Í tilkynningu skal greina nafn viðkomandi, heimilisfang, tölvupóstfang og símanúmer, svo og hvert eigi að beina fundarboði, sé það ekki til heimilis viðkomandi.

Boðun á fundi í kirkjugarðsstjórn telst réttilega send og fram komin, sé hún send með sannanlegum hætti og nægilegum fyrirvara til þess staðar, sem tilkynntur hefur verið fyrir hvern aðalmann

samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Ef aðalmaður forfallast eftir að hann hefur fengið fundarboð ábyrgist hann að varamaður verði boðaður í sinn stað.

Sjái aðalmaður fram á forföll af sinni hálfu, t.d. vegna fjarvista eða veikinda, getur hann tilkynnt

það fyrirfram til framkvæmdastjóra að hann geti ekki sótt fundi í kirkjugarðsstjórn tiltekið tímabil og óskað þess að fundarboði verði beint til varamanns síns. Ber þá kirkjugarðsstjórn ábyrgð á boðun varamanns.

Fundir kirkjugarðsstjórnar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir.

Halda skal fund í kirkjugarðsstjórn óski helmingur eða fleiri fulltrúar eftir því skriflega við formann.

Aðalfund kirkjugarðsstjórnar skal halda eigi síðar en í maímánuði ár hvert og skulu þar teknir fyrir eftirtaldir dagskrárliðir.

1. Skýrsla ~~formanns~~ framkvæmdastjórnar um starfsemina á næstliðnu ári.

2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skýrðir og lagðir fram til samþykktar.

3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu.

4. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. (ÚK ehf.) skýrðir og lagðir fram til samþykktar.

5 4. Kosning í stjórn ÚK ehf. til eins árs.

6 5. Ákvörðun á þóknun fyrir setu í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og fyrir setu í stjórn ÚK ehf.

7 6. Kosning í framkvæmdastjórn KGRP, sbr. 8. gr.

8 7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga ÚK ehf og tveggja til vara til tveggja ára

9 8. Önnur mál, löglega fram borin.

Endurskoðaðir reikningar samkvæmt 2. og 4. tl. skulu sendir fundarmönnum með aðalfundarboði.

Boða skal aðalfund með 10 daga fyrirvara, en aðra fundi með minnst viku fyrirvara. Heimilt er að senda fundarboð, reikninga og önnur fundargögn með rafrænum hætti.

Framkvæmdastjórn.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal á aðalfundi kjósa úr sínum hópi til tveggja ára í senn, formann, tvo meðstjórnendur og tvo varamenn í framkvæmdastjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Á tveggja ára fresti skal hluti kjörinna aðalmanna og varamanna ganga úr framkvæmdastjórn sem hér segir:

Árið 2022 skal formaður og annar varamaður ganga úr framkvæmdastjórn.

Árið 2023 skulu tveir meðstjórnendur og einn varamaður ganga úr framkvæmdastjórn.

Skal síðan kosið um hluta framkvæmdastjórnar á tveggja ára fresti eftirleiðis í samræmi við 2. mgr. ákvæðis þessa.

Engum er heimilt að sitja samfelt í stjórn lengur en þrjú kjörtímabil.

Ef stjórnarmenn láta af störfum í sóknarnefnd á kjörtímabilinu er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Framkvæmdastjórn annast þau verkefni, í umboði og á ábyrgð kirkjugarðsstjórnar, sem henni eru fengin með reglum þessum. Formaður og varaformaður framkvæmdastjórnar skulu jafnframt vera formaður og varaformaður kirkjugarðsstjórnar.

Kirkjugarðsstjórn ákveður þóknun til þeirra sem sitja í framkvæmdastjórn.

Helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

9. gr.

Framkvæmdastjórn fer í umboði kirkjugarðsstjórnar með stjórn og umsjón með öllum rekstri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hún gerir í lok hvers árs áætlun um tekjur og gjöld kirkjugarðanna fyrir næsta ár.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að saminn sé reikningur um tekjur og gjöld næstliðins árs og efnahagsreikningur, sem lagður skal fyrir aðalfund.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Kjósa skal skoðunarmenn reikninga úr hópi stjórnarmanna í kirkjugarðsstjórn og skal þeim heimill allur aðgangur að bókhaldi og fylgiskjölum.

Framkvæmdastjórn skal, í umboði kirkjugarðsstjórnar, annast um að endurskoðaðir reikningar séu sendir Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár. Jafnframt skal sveitarstjórnnum

þeim sem standa að Reykjavíkurprófastsdæmum sendir ársreikningar.

10. gr.

Framkvæmdastjórn felur framkvæmdastjóra að sjá um starfsmannaráðningar og setja starfsmönnum

erindisbréf eða starfslýsingu í samráði við framkvæmdastjórn.

Fundir framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórn heldur fundi mánaðarlega eða oftár ef þurfa þykir.

Halda skal fundi í framkvæmdastjórn ef formaður ákveður eða ef tveir aðrir framkvæmdastjórnarmenn eða framkvæmdastjóri krefjast þess.

Formaður boðar til fundar í framkvæmdastjórn, eða framkvæmdastjóri í umboði hans, og skal boða fund með a.m.k. sólarhringsfyrirvara.

Framkvæmdastjóri situr fundi framkvæmdastjórnar og undirbýr þá.

Útfararþjónusta.

12. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal heimilt að annast rekstur á útfararþjónustu í því formi sem lög leyfa, að fengnu leyfi sýslumanns.

Hafa skal rekstur útfararþjónustu og fjárhag henni tengdan algerlega aðskilinn frá starfsemi sem

telst til lögboðinna verkefna kirkjugarðsstjórnar.

~~Reglur um starfsemi útfararþjónustu.~~

13. gr.

~~Kirkjugarðsstjórn skal samhliða ákvörðun um rekstur útfararþjónustu setja slíkra starfsemi reglur um stjórn, starfsfólk, verkefni, markmið um arðsemi rekstrar, reikningsskil o.fl. og skulu þær~~

~~reglur bornar upp til samþykktar á fundi í kirkjugarðsstjórn.~~

~~Reikningsskil fyrir útfararþjónustu.~~

~~14. gr.~~

~~Gera skal sérstakan ársreikning um rekstur og efnahag útfararþjónustu og skal sá reikningur~~

~~endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.~~

Lagagrundvöllur - gildistaka.

13. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu kirkjugarðsstjórnar Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma samkvæmt heimild í 51. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 2022.

F. h. r.